

Göngudeild smitsjúkdóma

Alþingi
Erindi nr. Þ 121/1895
komudagur 6/2 1997



SJÚKRAHÚS
REYKJAVÍKUR

Læknisvottorð vegna umsóknar um dvalarleyfi á Íslandi

Það vottast að _____, fæðingardagsetning _____,
kom til læknisrannsóknar þann _____.

Skoðun og rannsókn leiddu ekkert það í ljós sem vera ætti dvalarleyfi á Íslandi til fyrirstöðu.

Skoðun og rannsókn leiddu í ljós að umsækjandi er haldinn tilkynningaskyldum sjúkdómi. Tilkynnt landlækni.

Berklarannsókn fer fram á berklavarnastöð Heilsuverndarstöðvarinnar. Læknisvottorð veitt þar varðandi rannsókn á berklasmiti.

Virðingarfyllst

_____ lækni
göngudeild smitsjúkdóma



28.07.1995

LANDLÆKNIR

Um læknisskoðun og rannsóknir á erlendum ættleiðingabörnum og útlendingum utan evrópska efnahagssvæðisins sem sækja um dvalarleyfi á Íslandi.

Á undanförunum árum hefur komið til landsins fjöldi erlendra kjörbarna og annarra einstaklinga sem sækja um dvalarleyfi á Íslandi. Margir þeirra flytjast frá löndum þar sem ýmsir hættulegir smitsjúkdómar eru útbreiddir. Oft á tíðum eru læknisvottorð óreiðanleg sem fylgja þessu fólki.

Því er mikilvægt að börn sem fullorðnir gangist undir læknisskoðun og nauðsynlegar rannsóknir sem fyrst þannig að beita megi viðeigandi meðferð svo sem ónæmisaðgerðum og meðferð sýkinga.

Mikilvægt er að rannsóknir þessar fari fram á tilgreindum stöðum. Landlæknir hefur mælt með því að rannsóknir barna fari fram á Barnaspítala Hringins, Landspítalanum (Gestur Pálsson, læknir) en rannsóknir fullorðinna fari fram á göngudeild smitsjúkdóma, Borgarspítalanum eða í samráði við göngudeildina. Berklaeftirlit fullorðinna verði eftir sem áður á berklavarnadeild Heilsuverndastöðvarinnar.

Þegar niðurstöður rannsókna liggja fyrir og viðeigandi meðferð gefin verður Útlendingaefirlitinu sent læknisvottorð þar sem fram kemur að viðkomandi einstaklingur hafi gengist undir áður nefnda rannsókn.

Tímamantanir: Barnaspítali Hringins, síma 560 1000, kl 11.30 - 12.00 virka daga.
Skoðun og rannsókn eru aðstandendum að kostnaðarlausu.

Göngudeild smitsjúkdóma, Borgarspítalanum, síma 569-6622,
kl. 08.00-15.00 alla virka daga.

Lungna- og berklavarnadeild, Heilsuvernadastöð Reykjavíkur,
síma 552 2400kl. 08.30 - 16.15 alla virka daga.

Landlæknir

Tilmæli um sóttvarnaeftirlit með útlendingum

1. *Útlendingar sem leita til landsins vegna vinnu*

Útlendingur sem leitar til landsins vegna vinnu við matvæli skal fara í lækni skoðun sem innifelur a.m.k.:

- a) Berklæftirlit.
- b) Saurræktun m.t.t. sjúkdómsvaldandi sýkla og leit að snýkjudyrum.
- c) Könnun á hvers konar vessandi sárum, kílum og eitlastækkunum.

Ekki er heimilt að veita einstaklingi atvinnuleyfi á meðan hann er haldinn smitandi sjúkdómi sem borist getur í matvæli.

2. *Nýbúar*

Útlendingum, sem koma til landsins og hyggja á að gerast nýbúar, skal bent á að fara í lækni skoðun á heilsugæslustöð, smitsjúkdómadeild eða berklavarnadeild ef grunur er um berklasmit.

3. *Alþjóðlegar skuldbindingar*

Einstaklingar, sem eru á leið frá landinu eða koma frá útlöndum með sjúkdóma, sem stofnað geta almannaheill í hættu og falla undir sóttvarnarákvæði í alþjóðlegri heilbrigðisreglugerð nr. 3, sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin gaf út 1983, skulu settir í viðhlítandi einangrun á smitsjúkdómadeild eða vísað frá landi eftir því sem við á.

Gert í samráði við Farsóttanefnd ríkisins.

Landlæknir